

**Fundur skipulags- og samgönguráðs 27. apríl 2022:**

***Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um öryggi gangandi í Norðlingaholti – US220100***

Lagt er til að í samráði við íbúa farið verði í stóráttak í öryggi gangandi í Norðlingaholti. Lagt er til að þar sem þörfin er mest verði lagðar verði snjallgangbrautir.

**Greinargerð:**

Íbúum í hverfinu Norðlingaholti í Árbæ hefur fjölgað talsvert á síðustu misserum enda hefur mikil uppbygging átt sér stað. Setið hefur á hakanum að gæta samhliða að uppbyggingu gangbrauta en íbúar hafa áhyggjur af stöðunni. Sem dæmi um þveranir þar sem öryggi er ábótavant má nefna Björnslundur/Sandavað og Elliðabraut/Sandavað en börn sem búa við Elliðabraut þurfa að fara yfir götu til þess að komast í Norðlingaskóla. Þá er lýsing of lítil við gangbraut við Árvað og einnig hefur ekki verið gerð gangbraut yfir Norðlingabraut við göngubrú yfir í Árbæ.